

FUNDARGERÐ

359. fundur stjórnar HEF veitna ehf.,

haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, þriðjudaginn 11. desember 2025 kl. 13:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Hildur Þórisdóttir (HP), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AB).

Hildur og Vilhjálmur voru í fjarfundi.

Gestir á fundinum:

Glúmur Björnsson (#1-4)

Védís Vaka Vignisdóttir (#1-8)

Nigar Khaligova (#7 og #10)

Þorsteinn B. Ragnarsson (#5)

Ívar Karl stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Vatnsveita á Eiðum
- 2 Erindi frá húseigendum í Úlfsstaðaskógi
- 3 Borun á Djúpavogi
- 4 Tankbíll slökkviliðs á Djúpavogi
- 5 Melshorn - Verkstaða
- 6 Varmadætur í dreifbýli
- 7 Fjárhagskerfi og vöruhús
- 8 Samorka - desemberfundur
- 9 Starfsmannamál
- 10 Innheimtuárangur
- 11 Önnur mál
 - a. Rafmagnsleysi á Seyðisfirði
 - b. Hitaveita á Eiðum
 - c. Jarðhitaleit í Eiðapínghá

1 Vatnsveita á Eiðum

Síðast tekið fyrir á fundi #358.

Gróf kostnaðaráætlun hefur verið unnin fyrir verkið að koma vatni frá Köldukvísl í miðlunar tank á Eiðum.

Nokkrar tillögur að lagnaleiðum hafa verið unnar og voru kostir þeirra og gallar ræddar á fundinum.

Ákveðið að vinna málið áfram til næsta fundar m.a. að fá fund með hagsmunaaðilum.

Málið áfram í vinnslu.

2 Erindi frá húseigendum í Úlfsstaðaskógi

Tveir stjórnarmenn í Félagi húseigenda í Úlfsstaðaskógi lýsa óánægju með aðgerðir HEF í þeirri viðleitni að auka afhendingaröryggi heits vatns í hverfinu. Bréfritarar kvarta yfir að hafa ekki fengið tilkynningar um truflun á afhendingu heita vatnsins. HEF hefur verið sá vandi á höndum, að hafa ekki tengiliðaupplýsingar fyrir fasteignir í skóginum, en viðskiptavinum hefur boðist um alllangt skeið að skrá símanúmer á www.hef.is fyrir SMS sendingar, sem HEF hefur notað til að koma upplýsingum til viðskiptavina um truflun á þjónustu, bæði skipulagða og óvænta. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu og leita frekari leiða til úrbóta.

3 Borun á Djúpavogi

Borun á Djúpavogi gekk hægar en áætlun gerði ráð fyrir, mest vegna grunnra vatnsæða. Þó komst borverktaki í 330m þann 24. nóvember. Hitamælingar fram að því höfðu verið heldur undir væntingum, en nýjasta hitamælingin hefur komið skemmtilega á óvart, stigullinn efnilegur og hiti kominn í 40°C á 330 m. Borverktaki fór frá verkinu s.l. tvær vikur en mætir á svæðið í næstu viku að undirbúa borun grunnrar hitastiglusholu DPV-37 og fara svo í holu DPV-36 á þriðjudaginn sem verður spennandi. Búast má við tíðindum á næstu tugum metra.

Í undirbúningi er að segulmæla svæðið á Djúpavogi og skipulagning samnýtingar ferðar með öðrum verkum á Austurlandi í gangi. Eitt þeirra gæti verið segulmælingar í Eiðapínghá í leiðinni.

4 Tankbíll slökkviliðs á Djúpavogi

Síðast tekið fyrir á fundi #358.

Stjórn samþykkir að leggja til 2 milljónir króna til kaupa á tankbíl fyrir slökkviliðið á Djúpavogi. Kaupin munu auka til muna slökkviögetu liðsins í dreifbýlinu, sem og tryggja betur vatn til slökkvistarfs í þéttbýlinu.

5 Melshorn - Verkstaða

Þorsteinn kynnti stöðu framkvæmda og stöðu miðað við verkáætlun. Staðan er í samræmi við áætlun sem fyrir lá á síðasta fundi stjórnar.

6 Varmadælur í dreifbýli

Austurbrú (verkefnið Eygló) hefur hleypt af stokkunum fundaröð á Austurlandi, sem miðar að því að kynna fyrir íbúum sem kynda með rafmagni möguleika til að minnka raforkunotkun. Fyrsti fundur var í Hjaltalundi 3. desember. Auk verkefnastjóra Eyglóar kynntu fulltrúar Umhverfis- og orkustofnunar styrkjakerfi stofnunarinnar. Fulltrúar HEF mættu til fundarins og kynntu áform HEF um stuðning til íbúa Múlaþings með ráðgjöf um val og útfærslu varmadælukosta. Áhugasamir íbúar eru hvattir til að skrá sig í gegnum heimasíðu félagsins www.hef.is. Reiknað er með að ráðgjöfin fari fram á vordögum 2026.

7 Fjárhagskerfi og vöruhús

Uppfærsla var gerð á fjárhagskerfi HEF í lok október. Innleiðing gekk með ágætum og mikil breyting til batnaðar þegar orðin. Næstu skref eru að forma upplýsingagjöf úr kerfinu fyrir stjórn og stjórnendur. Stjórn bindur miklar vonir við uppfært kerfi og að aðgengi að upplýsingum verði gott.

Viðræður við þjónustuaðila vöruhúsakerfis eru vel á veg komnar. Tilboð liggur fyrir. Undirbúningur er hafinn á lager félagsins að innleiða kerfið.

8 Samorka - desemberfundur

Desemberfundur Samorku var haldinn í Reykjavík 4. desember. Á fundinum var Umhverfis- orku- og loftslagsráðherra, Jóhann Páll, tekinn tali. Þá voru áhugaverðar kynningar á starfi og afurðum þriggja faghópa Samorku auk fjarfundar með starfsmanni Samorku í Brüssel.

Öryggishópur kynnti handbók um HOP [Human and Organisational Performance]; aðferðafræði sem miðar að því að bæta öryggi með því að skilja og styrkja getu einstaklinga og fyrirtækja til að stafa á öruggan hátt við flóknar og áhættusamar aðstæður.

Gjaldskrárhópur dreifiveitna (rafmagn) kynnti stöðu vinnu við endurskoðun gjaldskráa dreifiveitna.

Netöryggishópur kynnti breyttan veruleika í netöryggismálum og benti á aukna áhættu og þörf fyrir öflugar varnir.

Aðalsteinn og Haddur sóttu fundinn fyrir hönd HEF. – Til kynningar.

9 Starfsmannamál

Ráðningu umsjónarmanns fjarfarmaveitu á Seyðisfirði er ólokið. Í vinnslu.

10 Innheimtuárangur

Nigar kynnti stöðu innheimtu hjá þjónustuaðila innheimtu. Staðan almennt góð, vanskil lítil. Stjórn þakkar yfirferðina.

11 Önnur mál

a. Rafmagnsleysi á Seyðisfirði

Vegna ísingar á Fjarðarheiði, aðfaranótt 10. desember, sem varð til þess að fjarvarmaveitan fékk ekki rafmagn á ketilinn og þurfti að keyra olúketil í rúman sólarhring.

Eyjakeyrsla virkjana í Fjarðará virkaði ekki í þessum atburði. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

b. Hitaveita á Eiðum

Hitaveitutengingar ofan vegar á Eiðum.

Framkvæmdarstjóra falið að taka saman gögn og leggja fyrir næsta fund stjórnar.

c. Jarðhitaleit í Eiðapínghá

Samningur við landeigendur er í vinnslu. Næsti fundur er áformaður í 2. viku janúar 2026.

Umsókn um rannsóknarleyfi var send Umhverfis- og Orkustofnun 5. desember s.l.

Til upplýsingar.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:20

Fundargerð rituðu: Ágústa Björnsdóttir og Aðalsteinn Þórhallsson.

Undirritanir á næstu síðu.

